

# Ekki hægt að hætta

## Sálin hans Jóns míns og fiðurmjúkir armar



Sálin hans Jóns míns sendi frá sér sína fyrstu plötu í sumar og kom þá fram sem hvít sálarsveit. Síðan þá hefur sveitin tekið stakskiptum og nú er hún enn komin af stað og þá sem poppsveit. Sálin átti tvö lög á safnplötunni Frostlög og annað þeirra laga er líklegast efst á vinsældalistum útvarpsstöðvanna þegar þetta birtist.

Leiðandi menn í Sálinni eru þeir Stefán Hilmarsson, sem hefur margt brallað í tónlistinni á árinu, og Guðmundur Jónsson gítarleikari, sem semur lögin tvö á Frostlögum og annan textann. Hinn textann á Stefán. Það þótti því við hæfi að spjalla við þá Guðmund og Stefán um Sálinu og Frostlög.

**Hefði ekki verið réttara að leggja niður Sálinu og velja nýtt nafn á nýja sveit?**

Nei, við vildum halda nafninu á Sálinni, enda var hún búin að vinna

sér nafn. Við erum líka á svipaðri línu í tónlistinni eins og er, þó það breytist eftir því sem við förum að leika meira frumsamið.

**Hvernig er samheldnin í sveitinni?**

Þetta verður í það minnsta ekkert fjögurra mánaða ævintýri. Í upphafi var sveitin stofnuð til að vera sumarsveit, en svo var þetta búið að vera svo skemmtilegt og það var svo mikið að gera að það var ekki hægt að fara að hætta. Við erum ekki búnir að vera að

spila saman í þessari mynd nema rúman mánuð og menn eru enn að spila sig saman, en við erum bjartsýnir.

**Er sveitin ekki full ung til að eiga lög á plötu?**

Guðmundur átti þessi lög til og það var því lítið mál að finnpússa þau þegar við vorum beðnir að koma með tvö lög á þessa plötu. Það má segja að lögin hafi í orðið fullburða í hljóðverinu og þau græða á því að þau eru unnin á skömmum tíma.

Við höfum ekki haft tíma til að vinna fleiri lög, enda er í nógu að snúast, kannski of miklu.

**Nú hefur verið rót á þér sem söngvara Stefán; þú hefur verið hálfgerður söngvingull. Verður einhver breyting á því þegar þú ferð að syngja í Sálinni?**

Já, þetta er fastur punktur. Ég var í einhverskonar millibilsástandi í vor og sumar og söng þá fyrir ansi marga, en það fer líklega að minnka. Ég ætla líka að reyna að einbeita mér að því að syngja fyrir þessa hljómsveit og láta annað mæta afgangi. Það er líka miklu skemmtilegra að vera í hljómsveit sem er þétt og þar sem andinn er góður.

**Guðmundur semur lögin og einn texta, Stefán, en þú annan. Í framhaldi af því langar mig til að spyrja: Eru fiðurmjúkir armar vængir?**

Fiðurmjúkir armar er bara sama og dúnmjúkir. Ég veit ekki hvort þetta orð er til, en það stuðlaði og féll vel að laginu. Ég er mjög lukkulegur með þetta orð og ég er ánægður með textann, sem er minn annar texti, enda lít ég ekki á mig sem mikinn textahöfund.